

**Samráð skólastjóra og sviðsstjóra haldinn þriðjudaginn 7. september 2021
kl. 14:30 í Suðursal í Ráðhúsi Árborgar**

Mætt: Birgir Ewald, Guðbjartur Ólason, Hilmar Björgvinsson, Páll Sveinsson, Anna Ingadóttir og Þorsteinn Hjartarson, sem ritaði fundargerð. Heiða Ösp sat fundinn undir dagskrárlið 1 og 2 og Bragi Bjarnason undir dagskrárlið 1-3.

- 1) Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.
 - a) Nemendaverndarráð. Umræða um skipulagið og þær breytingar sem eru framundan í lagumhverfinu. Teymisstjórar skipta milli sín skólunum og þeirra hlutverk er að vera ráðgefandi og liður í því að byggja brú á milli kerfanna.
 - b) Samnýting á smíðastofum í tengslum við námskeið fyrir eldri borgara, m.a. verkefnið *Karlarnir í skúrnum*. Skólastjórar ræða við verkgreinakennara og húsverði um þetta. Tíminn kl. 14-16 væri bestur. Enginn efniskostnaður verður hjá skólanum.
- 2) Bragi Bjarnason, kynnti verkefnið *Allir með* og góð umræða var um mögulegar leiðir til að hvetja til frístundabátttöku allra barna í Árborg. Einnig var umræða um þjálfunarmál og þátttöku íþróttakennara í þeim verkefnum.
- 3) Akstursmálin. Samtal um þau mál. Það á m.a. eftir ganga betur frá sundakstrinum en þörf er á stærri bíl. Þurfum að taka þetta vel saman og skoða möguleg samlegðaráhrif milli deilda eins og gert var nýlega í BES. Umræða um mikla hækkun á fólksflutningum sem snýr að vettvangsferðum. Næst þyrfti að hafa skólaferðir utan samnings og þá væri hægt að fá tilboð. Hilmar sagði frá reynslu sinni í Kópavogi þar sem það fyrirkomulag er viðhaft. Samþykkt að fá Ásdísi inná samráðsfund til að fara yfir skiptinguna en það er erfitt að átta sig á þessu í dag.
- 4) Skipulag fræðslunefndarfunda, þátttaka kennara og skólastjóra. Samþykkt að hafa þetta svona eitthvað áfram. Festum samráðsfundi skólastjóra og sviðsstjóra niður í dagbók og höfum þá a.m.k. tvo í mánuði.
- 5) Innritunarreglurnar til umræðu.
- 6) Starfsmannakönnun og stjórnendanámskeið. Þeirri umræðu verður frestað fram til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 16:00.

Birgir Ewald
Anna Ingadóttir
Þorsteinn Hjartarson

Hilmar Björgvinsson
Guðbjartur Ólason
Páll Sveinsson